

Starfshópur um stíga í upplandi Hafnarfjarðar

Fundur 2. haldinn á Teams

30. mars 2021

Mættir:

Helga Ingólfssdóttir, formaður

Anna Karen Svövdóttir

Jón Atla Magnússon

Stefán Már Gunnlaugsson

Sigurður Pétur Sigmundsson

Frá umhverfis- og skipulagssviði

Helga Stefánsdóttir

Berglind Guðmundsdóttir

Forföll:

Gestir:

Fulltrúar Sörla og Skógræktar Haf

Fundarefni:

Í samræmi við ákvörðun fyrsta fundar þar sem ákveðið var að hafa á fyrstu stigum í vinnu starfshóps samráð við hagsmunahópa á svæðinu var fulltrúum frá Hestamannafélaginu Sörla og skógrækt Hafnarfjarðar boðið á fundinn.

Fulltrúar frá Hestamannafélaginu Sörla voru: Atli Már Ingólfsson, Sigríður Kristín Hafþórsdóttir og Guðríður Eldey Arnardóttir.

Fulltrúar Sörla fóru yfir núverandi reiðleiðir og hvernig þróun hefur verið í þá átt að breytingar á svæðinu hafa áhrif á þeirra möguleika til þess að velja reiðleiðir. Sértaklega var nefnt að lagning Ásvallabrautar tekur í burtu hluta af reiðleið við Hlíðarþúfur og að hestamenn fá ekki lengur að nota Höfðastíg sem Skógrækarfélag Hafnarfjarðar hefur yfirráð yfir. Einnig að missa Sléttuhlíðarhringinn þar sem hestamenn nýttu akveg að hluta en það var lokað á það fyrir nokkrum árum. Eina reiðleiðin sem er upplýst er skógarhringur sem er umhverfis Gráhelluhraun. Lögð er áhersla á að æfingahringurinn í hrauninu sé ekki þveraður af öðrum ferðamáta. Öryggismál og merkingar voru einnig rædd og fleiri mál sem og lögð áhersla á að stígar séu skilgreindir

Fulltrúar frá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar voru:

Steinar Björgvinsson og Sgurður Einarsson



HAFNARFJÖRÐUR

Steinar minnti á að skógurinn í Gráhelluhrauni er fyrsti skógur félagsins sem er með yfir 1000 félagamenn og lýsti óánægju með að göngustígur í hrauninu var grafinn í sundur á síðasta ári án þess að það hafi verið lagað. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar leggur áherslu á að tengja skóginn í Gráhelluhrauni við Höfðaskóg með göngustíg eins og fyrir liggur á skipulagi. Sigurður fór yfir mikið starf Skógræktarfélagsins á svæðinu þar sem nú er verið að byggja verkstæði og ræddi merkingar í upplandinu. Hann sagði frá því að Skógræktarfélag Reykjavíkur réði sérfræðing í landræðilegum merkingum til þess að vinna við skiltagerð. Lögð er áhersla á að bæta merkingar stíga sem og kortleggja þá og birta.

Starfshópurinn þakkaði fundargestum fyrir greinargóðar umræður og ákveðið var að kalla fulltrúa hópanna aftur á fund þegar fyrir liggja drög að tillögum starfshóps

Milli funda:

- Senda hópnum erindi frá Sörla og ungmennaráðinu sem komu á síðasta ári.
- Póstur sendur á hagsmunaaðila varðandi umræðuefni og boð til fundar - FH og Haukar boðaðir saman kl 8:20

Næsti fundur e 2 vikur

Ritað/ Helga Ingólfssdóttir.